



GJALDSKRÁ

fráveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. gr.

Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 669/2016.

2. gr.

Tengigjald fráveitu

Eiganda eða réttthafa fasteignar sem tengst getur fráveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis og skal vera eftirfarandi:

- | | |
|---|-------------|
| 2.1. Fyrir hverja tengingu allt að 150 mm | 90.000 kr. |
| 2.2. Fyrir hverja tengingu yfir 150 mm | 190.000 kr. |

Innifalið í stofngjaldi er tengistútur sem nær inn fyrir lóðarmörk.

Tengigjald fráveitu tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar sem er 159,3 stig í desember 2021.

3. gr.

Fráveitugjald

Fráveitugjald skal greitt af öllum húseignum sem tengjast fráveitukerfi sveitarfélagsins eða geta tengst því enda sé tenging fyrir hendi við mörk fasteignar.

Álagningarstofn fyrir fráveitugjald skal vera 0,335% af fasteignamati fasteignar í heild sbr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

Fráveitugjald er innheimt með fasteignagjöldum.

4. gr.

Rotþróargjald

Fyrir hvert íbúðar-, sumar-, eða frístundahús innan marka sveitarfélagsins með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. mgr. 9. gr. samþykktar um fráveitu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 669/2016.

Ársgjald fyrir tæmingu rotþróa tekur mið af raunkostnaði við tæmingu sem á sér stað þriðja hvert ár.

Stærð rotþróa	Eining	Ársgjald	Raunkostnaður tæmingar
0 – 4.000 ltr.	Pr. rotþró	13.000 kr.	39.000 kr.
4.001 – 6.000 ltr.	Pr. rotþró	15.000 kr.	45.000 kr.
+6.000 ltr.	Pr. rúmmetri	6.400 kr.	6.400 kr.

Förgunargjald er samkvæmt gjaldskrá fyrir söfnunarstöð sorps á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Rotþróargjald miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Þurfi að nota lengri barka, allt að 100 metra, bætast við 11.200 kr.

Sé ekki unnt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða endurkomugjald til viðbótar við önnur rotþróargjöld. Endurkomugjald er 50% álag á raungjald fyrir tæmingu miðað við stærð rotþróar.

Ef fleiri en eitt íbúðar-, sumar-, eða frístundahús er tengt rotþró skal rotþróargjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár

Gjaldskrá þessa skal umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

6. gr.

Lögveðsréttur

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga sbr. 3. mgr. 16. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

7. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum, og 9. gr. reglugerðar um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 og öðlast gildi við birtingu.



Frá sama tíma falla úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun á rotþrómi í Sveitarfélaginu Hornafirði frá 2008 og gjaldskrá embættis byggingar- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 291/2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 9. desember 2021.


Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri



